

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. maí 2019
Tilvísun vor: M-2019-108 /00.11

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum – mál 775.

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landsvirkjunar um frumvarp um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000 (EES-reglur, stjórnvaldssektir o.fl.) mál 775. Með erindi dagsettu þann 1. júlí 2016 sendi Landsvirkjun umhverfis- og auðlindaráðuneytinu ábendingar um atriði sem fyrirtækið teldi að þyrfti að fjalla um við endurskoðun laganna sem boðuð hafði verið með bréfi ráðuneytisins. Landsvirkjun kom jafnframt á framfæri athugasemdum inn á samráðsgátt ráðuneytisins við drög að frumvarpinu vorið 2018. Að lokum sendi Landsvirkjun inn umsögn til Alþingis dagsett þann 8. maí 2018 vegna sama frumvarps, þá mál nr. 467. Vísað er til sjónarmiða og upplýsinga sem fram koma í áðurgreindum gögnum.

Hvað varðar styttingu á gildistíma mats á umhverfisáhrifum úr 10 árum í 7 ár, sbr. 11. gr. frv., er bent á að slík stytting er ekki nauðsynleg vegna innleiðingar á tilskipun nr. 2014/52/EB. Er því eindregið lagt til að ekki verði af henni að sinni en að hugað verði að ferli leyfisveitinga, og þar á meðal gildistíma mats á umhverfisáhrifum, við heildarendurskoðun þá sem nú stendur yfir til að ná þeim markmiðum sem æskileg og árangursríkust þykja til að lágmarka áhrif framkvæmda á umhverfið og þekkja þau sem best. Ræðst þessi afstaða Landsvirkjunar af þeirri sérstöðu sem á við um virkjunarframkvæmdir, en um afar umfangsmiklar og tímafrekar framkvæmdir er að ræða sem eiga sér yfirleitt langan aðdraganda og undirbúning. Um það atriði vísast til fyrri umsagnar Landsvirkjunar frá 8. maí 2018.

Virðingarfyllst



Ragna Árnadóttir
aðstoðarforstjóri